


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	HTL 404	
Síða 1 af 2	Kennsluáætlun vorönn 2013	

Nafn kennara:	Sveina Björk Jóhannesdóttir	Sk.stöfun:	SBJ
Viðtalstímar kennara:	Þriðjudagur kl 12:30-13:10	Netfang:	sveina@vma.is
	Björg Eiríksdóttir		BJE
	Fimmtudagar kl 12:50-13:30		bjorg@vma.is

Áfangalýsing

Haldið er áfram frá fyrri áfanga HTL 206 í meðferð lita og annarra efna á tau. Lögð verður áhersla á áferð efna og yfirborðshönnun þeirra. Farið verður í frjálsa útsaumstækni, bæði í höndum og í vél. Farið verður í hugmynda- og skissuvinnu fyrir bútasaum og kennd undirstöðuatriði hans. Nemendur vinna allar prufur áfangans í tengslum við grunn-hugmynd. Nemendur vinna hugmynda- og prufumöppu ásamt dagbók/greinargerð yfir vinnu sína í áfanganum. Áhersla er lögð á sjálfstæð og skapandi vinnubrögð.

Áfangamarkmið

Nemandi

- kynnist og þrói með sér ýmsar aðferðir við að gera áferð á efni.
- þjálfist í samsetningu efnis og garns/tvinna.
- fái þjálfun í ýmsum tækniatriðum í frjálsum útsaum í höndum og á saumavél.
- læri frjálsan og óhefðbundin bútasaum á hagnýtan og listrænan hátt.
- læri að nota skurðarstiku, skurðarmottu, skurðarhníf og fleira.
- nýti sér fagblöð og bækur í vinnu sinni.
- noti á skapandi hátt liti, form og munstur í eigin hönnun.
- geti þróað hugmyndir sínar með skissuvinnu og tilraunum og yfirfært þær í efni.
- geti skipulagt vinnu sína og rökstutt val á hráefni og vinnuaðferðum.
- tileinki sér vinnuhagræðingu og noti nýjustu tækni og aðferðir.
- tileinki sér frumleika og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Skipulag annarinnar


Litun efna, bútasamsaðferðir, vélútsaumur, handútsaumur, hugmyndavinna skissur, tilraunir og sjálfstæð vinna.

Mjög mikilvægt er að nemendur vinni heimavinnu jafnt og þétt á milli tíma til að ná settum markmiðum og árangri.

Námsgögn

Ýmsar textílfagbækur.

Tísku og híbýlablöð, textílblöð, tímarit á netinu og svo framvegis.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	HTL 404	
Síða 2 af 2	Kennsluáætlun vorönn 2013	

Myndbönd með skissuvinnu fyrir útsaum, hugmyndavinnu fyrir bútasaum og útsaum.

Staðsett í G11

Það sem þarf að eiga

Nemendur þurfa að eiga góða skissubók, dagbók, möppu fyrir glósur og uppskriftir (má vera sama og í HTL 206), kassa undir prufur, blýanta, pappírsskæri, pappírslím og ritgerðarspjöld á prufur svo eitthvað sé nefnt!

Námsmat:

Próflaus áfangi, 100% mætingarskylda. Fjarvistarstig (vegna veikinda) mega ekki vera fleiri en 12.

Símat, kennaramat, sjálfsmat, leiðsagnarmat. Tekið er tillit til verkanna sjálfra eða afrakstursins og ferlisins eða hvernig nemandi ber sig að við vinnuna.

Til grundvallar matinu er skilningur, sköpun, innsæi, frumleiki, gagnrýnin hugsun, verkleg færni, framfarir, virðisauki, framkvæmd, opinn hugur og ögrun.

Litun, yfirborðsáferð	15 %
Handútsaumur	15 %
Vélútsaumur	15 %
Bútasaumur	15 %
Glósur, dagbók/greinargerð	5 %
Hugmyndavinna og vinnulag Opinn hugur, frumleiki, vinna úr upplýsingum, ígrundun, framfarir, tilraunir, framkvæmd, sjálfstæði, ögrun.	15 %
Lokaverk, hugmynd, þróunarvinna, verk og frágangur	15 %
Mætingar	5 %

Með fyrirvara um breytingar

Gangi ykkur vel

Verkefni nemenda eru geymd í eitt ár eftir sýnidag prófa.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils